

Ed.

417. Nefndarálit

[206. mál]

um frv. til laga um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefndir beggja þingdeilda ræddu málið á sameiginlegum fundum í gær. Í dag hefur félagsmálanefnd tekið málið fyrir og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits 2. minni hluta félagsmálanefndar Nd. og flytja við frumvarpið svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

2. gr. orðist svo:

Hæstiréttur tilnefnir þrjú menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra, er 1. gr. tekur til.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðarmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 26. marz 1973. Skulu kjaraákvæði hans gilda frá gildistökudegi þessara laga til 31. desember 1973.

Kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 22. marz 1973.

Þorv. Garðar Kristjánsson, Auður Auðuns.
frsm.